

15. gr.

Lærdómstitlar.

Að loknu meistaranámi í lyfjafræði hlýtur stúdent lærdómstitilinn *Master of Science in Pharmaceutical Sciences* (M.S. Pharm. Sci.).

16. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundi í lyfjafræðideild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglur þessar í kafla lyfjafræðideildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

Háskóla Íslands, 29. janúar 2003.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

AUGLÝSING

**um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2003
um skipan og starfsemi flugverndarráðs.**

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000, hefur Flugmálastjórn ákveðið að frá og með 20. janúar 2003 taki gildi reglur um skipan og starfsemi flugverndarráðs samkvæmt ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 1/2003.

Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 17. janúar 2003.

Porgeir Pálsson flugmálastjóri.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um jöfnun tekjutaps sveitarfélaga
vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti, nr. 80/2001, með síðari breytingum.**

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Til framlaga samkvæmt reglugerð þessari skulu renna allt að 30% af tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skv. a-lið 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum.